

Sjúklingatrygging er lögboðin váttrygging sem byggir á lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og reglugerð nr. 763/2000 um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt þeim lögum. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála nr. 001.

Váttryggður er sá löggilti heilbrigðisstarfsmaður eða -stofnun sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef sjúklingur verður fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi sem váttryggður ber ábyrgð á skv. lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Látist sjúklingur, tekur váttryggingin til bótaskyldu váttryggðs skv. sömu lögum vegna missis framfæranda.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Líkamstjóns eða geðræns tjóns á öðrum en sjúklingi sjálfum.
- Skemmda á munum.
- Starfsemi váttryggðs utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- Bótaskyldrar háttsemi váttryggðs eftir að starfsleyfi hans hefur fallið niður eða starfsheimildir hans eru af öðrum ástæðum ekki lengur fyrir hendi.

4. gr. Tímatakmörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggðum sem til stofnast á váttryggingartímanum, án tillits til þess hvenær það atvik varð, sem krafan reis af.

Skaðabótakrafa telst gerð þegar hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:

- Að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggðum.
- Að váttryggðum verður fyrst kunnugt um, að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis váttryggðs eða starfsmanna hans, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.

Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem gerð hefur verið á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi 3 mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum og það hafi verið tilkynnt félaginu innan 3 mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggður hafi mótttekið skriflega skaðabótakröfu og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan 2 ára eftir lok váttryggingarinnar.

Skaðabótakröfu sem rakin er til tjóns, er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman, bætir félagið ekki hafi tjón orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.

5. gr. Sérregla um uppsögn

Váttryggingunni lýkur, falli starfsheimild eða starfsleyfi váttryggðs niður. Þótt váttryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola á hverju tjóni, sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til 8 vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggðum og Heilbrigðisráðuneytinu að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

Skilmáli þessi gildir frá 2 .október 2019